

Skilmálar fyrir skráningu þjónustuaðila

Hreyfitorgi (HT) er ætlað að veita góða yfirsýn yfir þá valkosti sem eru í boði á sviði hreyfingar á hverjum tíma, fyrir allan aldur, hvar sem er á landinu. Ekki síst er áhersla á að auðvelda kynningu og stuðla að auknu framboði á einfaldri, ódýrri hreyfingu sem flestir ættu að geta stundað.

Meginmarkmið Hreyfitorgs er að auðvelda fólki að finna hreyfingu fyrir sig eða aðra, sem samræmist getu og áhuga hverju sinni og stuðlar að heilbrigði og vellíðan.

Mikilvægt er að þjónustuaðilar séu meðvitaðir um ábyrgðina sem fellst í því að bjóða fólki með mismunandi þarfir þjónustu á sviði hreyfingar. Til að auðvelda notendum að taka upplýsta ákvörðun og velja sér þjónustu við hæfi er mikilvægt að þjónustuaðilar vandi innskráningu upplýsinga og að þeir skrái eingöngu inn þjónustu sem samræmist markmiðum Hreyfitorgs.

- Allar umbeðnar grunnupplýsingar um þjónustuaðila og tengilið þjónustuaðila skulu koma fram í umsókn.
- Ef þjónustuaðili er einstaklingur, skal hann vera lögráða. Tengiliðir þjónustuaðila skulu einnig vera lögráða.
- Ef grunnupplýsingar skortir eða einhver vafi er á réttmæti þeirra skal umsjónaraðili HT hafa samband við þjónustuaðila og óska eftir frekari upplýsingum áður en afstaða er tekin til umsóknarinnar.
- Ef sterkar vísbendingar eru um að þjónustuaðili standi fyrir þjónustu sem samræmist ekki markmiðum HT skal umsjónaraðili HT afla frekari upplýsinga og bera umsóknina undir verkefnishóp HT sem tekur afstöðu til hennar.
- Umsjónaraðili HT bregst við öllum umsóknum innan 7 virkra daga.

Aðstandendur Hreyfitorgs áskilja sér rétt til að hafna beiðni þjónustuaðila um innskráningu á Hreyfitorg:

- Ef umbeðnar viðbótarupplýsingar berast ekki frá þjónustuaðila innan viku frá því að þeirra er óskað.
- Ef þjónustuaðili og/eða e.-r. af tengiliðum hans eru ekki lögráða.
- Ef viðkomandi þjónustuaðili stendur fyrir þjónustu sem samræmist ekki markmiðum HT, að mati verkefnishóps HT.

Aðstandendur Hreyfitorgs áskilja sér rétt til að eyða þjónustuaðila af Hreyfitorgi:

- Ef þjónustuaðili skráir inn ófullnægjandi, rangar eða aðrar óviðeigandi upplýsingar þrátt fyrir ítrekaðar óskir umsjónaraðila HT um úrbætur.
- Ef þjónustuaðili auglýsir þjónustu á HT, sem samræmist ekki markmiðum HT að mati verkefnishóps HT, þrátt fyrir ítrekaðar óskir umsjónaraðila HT um úrbætur.